



Lúxemborg, 16. desember 2019

## FRÉTTATILKYNNING 05/2019

### Dómur í máli E-1/19 *Andreas Gyrre* gegn *norska ríkinu*

#### **SALA AÐGÖNGUMIÐA ÁN ÞESS AÐ GETA ÞESS AÐ SLÍK SALA SÉ ÓLÖGMÆT, SAMKVÆMT LANDSLÖGUM EES-RÍKJA ÞAR SEM MIÐAR ERU SELDIR EÐA VIÐBURÐUR FER FRAM, FELUR Í SÉR ÓRÉTTMÆTA VIÐSKIPTAHÆTTI**

EFTA-dómstóllinn veitti ráðgefandi álit við spurningum sem bárust frá áfrýjunardómstóli Borgarting í Noregi (*Borgarting lagmannsrett*) varðandi túlkun á ákvæðum tilskipunar 2005/29/EB Evrópuþingsins og ráðsins frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (tilskipunin) og þá einkum 9. lið I. viðauka tilskipunarinnar.

Málið varðaði sekt að fjárhæð 200.000 norskar krónur sem árið 2012 var lögð á eiganda fyrirtækis sem stundaði endursölu á aðgöngumiðum að íþróttameningarviðburðum utan Noregs, þ. á m. aðgöngumiðum á Ólympíuleikana í London 2012. Samkvæmt breskum lögum var slík endursala, án sérstaks leyfis, óheimil og refsiverð. Aðgangsmiðar sem seldir voru með þessum hætti voru sjálfkrafa ógildir og veittu því hvorki rétt til aðgöngu á viðburð né endurgreiðslu kaupverðs.

Grundvöllur sektarinnar var meint brot á ákvæðum norskra laga um neytendavernd sem fólu í sér innleiðingu á 5. gr. tilskipunarinnar og 9. lið I. viðauka. 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar leggur bann við óréttmætum viðskiptaháttum. I. viðauki inniheldur upptalningu á viðskiptaháttum sem í öllum kringumstæðum skulu teljast óréttmætir og þar með undirorpnir banni tilskipunarinnar. Á meðal slíkra óréttmætra viðskiptahátta eru, samkvæmt 9. lið I. viðauka, þau tilvik þar sem söluaðili lýsir því yfir eða gefur á annan hátt til kynna að löglegt sé að selja vöru þótt sú sé ekki raunin.

Fyrir Dómstólnum laut málið að því hvort að 9. liður I. viðauka tilskipunarinnar ætti við um þau tilvik þar sem söluaðili lætur hjá líða að veita kaupanda upplýsingar um að notkun hins selda aðgangsmiða kunnist vera ólöglegt samkvæmt landslögum EES-ríkis þar sem viðburður fer fram og hvort að máli skipti í því samhengi hvort slíkt bann við endursölu miða samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins.

Dómstóllinn taldi að túlka yrði 9. lið I. viðauka á þá leið að þau tilvik, þar sem söluaðili lýsir því yfir eða gefur á annan hátt til kynna að löglegt sé að selja vöruna þótt sú sé ekki raunin, með því að láta hjá líða að upplýsa kaupandann um hverjar þær hindranir samkvæmt lögum sem áhrif hafa á sölu eða notkun vöru, falli undir 9. lið. Auk þess taldi Dómstóllinn að það hefði ekki áhrif á þessa niðurstöðu hvort að slíkt bann gildi í EES-ríkinu þar sem varan var seld, í EES-ríkinu þar sem nota átti vöruna, eða í báðum þessum ríkjum.

Þá taldi Dómstóllinn að orðið „löglegt“ í 9. lið I. viðauka yrði að skilja sem svo, með hliðsjón af k-lið 2. gr. tilskipunarinnar, að með því væri vísað til þeirra laga sem í gildi væru á þeim tímapunkti sem kaupandinn ákveður að kaupa hið selda. Ekki skipti máli þótt að seljandinn stæði í þeirri trú að tiltekin löggjöf bryti í bága við ákvæði EES-samningsins. Loks taldi Dómstóllinn að ekki skipti máli ef viðkomandi löggjöf yrði síðar meir ekki talin samrýmast ákvæðum EES-samningsins,

enda myndi slík túlkun ganga gegn þeirri réttarvissu sem I. viðauka tilskipunarinnar er ætlað að tryggja og myndi ekki stuðla að þeirri ríku neytendavernd sem gert væri ráð fyrir í tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni má finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.